


Fréttabréf Garðasels

apríl 2018



Skipulagsdagar í apríl

Þriðjudaginn 3. apríl er hálfur skipulagsdagur frá kl: 8.00-12.00. Skipulag dagsins er vinna með Læsi og fræðsla um styrkleika og veikleika frá Hugarfrelsi. Skólinn opnar aftur kl: 12.00 og þá mæta börnin inn. Ekki er hádegismatur þennan dag en vegleg ávaxtastund kl: 12.30. Gott að börnin séu búin að fá einhverja næringu áður en þau koma.

Miðvikudaginn 18. Apríl og föstudaginn 20. Apríl eru skipulagsdagar og leikskólinn lokaður. Þessa daga er starfsfólk skólans í námsferð í Brighton að læra um Numicon / stærðfræði, Storytelling og á föstudeginum verjum við deginum í Skógarskóla og kynnumst verkefnum og leiðum í útikennslu.

Sumarfrí og skólalok

Tímasetning sumarlokunar Garðasels er 9. júlí – 3. ágúst.

Þriðjudaginn 24. apríl eiga foreldrar að hafa skilað til leikskólans upplýsingum um sumarfrí barna sinna og skólalok elstu barnanna (2012). Skólinn lokar í 4 vikur en enn er gert ráð fyrir að 5 vikur geti verið gjaldfrjálsar ef foreldrar velja þá lengd á sumarfrí barna sinna.

Mikilvægt er að hafa sem bestu upplýsingar um skipulag og tímasetningar sumarfría barna og skólalokin því raða þarf sumarleyfum starfsmanna í samræmi við fjölda barna hverju sinni og eru foreldrar hvattir til að virða þessa dagsetningu á skilum.



Foreldraviðtöl

Dagana **4. - 10. apríl** lýkur síðari foreldraviðtöl skólaársins. Lögð er áhersla á að allir foreldrar eigi þess kost að mæta í viðtal og leikskólinn hefur reynt eins og kostur er að koma til móts við óskir um tíma viðtalanna. Í lok þessa viðtalstímabils ættu allir foreldrar hafa hitt hópstjóra barns síns og rætt um stöðu þess, færni og þroska.



Vorskólinn Grundaskóla

Vorskóli elstu barnanna í Grundaskóla er **10 – 12. apríl kl: 9.00-11.30**. Öll börnin í Garðaseli fara að þessu sinni þangað næsta vetur. Kennarar Víkur fylgja börnunum í Vorskólann og hópur 1. bekinga koma yfir í Garðasel á meðan.

Í vorskólann taka börnin með sér nesti en fá mjólk í skólanum – þetta er hluti af því að undirbúa sig fyrir skólagönguna. Umræðan um hollt og gott nesti er tilvalin þegar nestið er tekið saman fyrir vorskólann.



Sumarkaffi foreldrafélagsins

Hið árlega sumarkaffi foreldrafélagsins sem verið hefur á Sumardaginn fyrsta verður ekki þann dag þar sem allir starfsmenn skólans eru erlendis vegna námsferðar. Búið er að dagsetja Sumarkaffið **sunnudaginn 6. maí kl: 14.00-16.00**.

Sumarkaffið er fjáröflun foreldrafélagsins og byggir því á þátttöku allra foreldra í leikskólanum. Leitað verður til foreldra með meðlæti og einnig aðstoð við framkvæmd. Listar verða settir upp í forstofum deilda í vikunni fyrir sumarkaffið þar sem foreldrar skrá sig með ákveðið meðlæti og einnig aðstoð við framkvæmd ef þeir geta. Afar



mikilvægt er að fá aðstoð frá foreldrum þennan dag (6 til viðbótar) þar sem mikið er að gera á stuttum tíma ef fáir standa vaktina – þeir sem geta aðstoðað geta skráð sig hluta úr tímanum eftir því sem best hentar hverjum.



Umhverfisdagurinn

Umhverfisdagurinn er miðvikudaginn 25. apríl. Hluti af námi í leikskóla er að læra að ganga vel um umhverfi sitt og hlúa að því með góðri og ábyrgri umgengni. Það hefur verið hefð fyrir því í Garðaseli að hreinsa leikskólalóðina og nærumhverfi og verður það gert þetta árið líka.

Gott er að taka reglulega umræðu um góða umgengni og mikilvægi þess að henda ekki rusli út um allt, tína upp rusl, ganga vel um gróður og lífverur og bæta frekar við gæði umhverfisins en að ganga á þau.

Árgangamót leikskólanna

Fimmtudaginn 26. apríl verður hið skemmtilega árgangamót leikskólanna sem er samstarfsverkefni leikskólanna á Akranesi. Markmið samstarfsins er að þróa og búa til enn sterkara lærdómssamfélag á Akranesi þar sem markmiðið er að vinna saman og læra hvert af öðru. Deildarstjórar skólanna hafa veg og vanda af skipulagningu dagsins. Hver árgangur hittist frá kl: 9.00-13.00/14.00.

- 2015-2016 árgangarnir - Vallarsel
- 2014 árgangurinn - Akrasel
- 2013 árgangurinn – Garðasel
- 2012 árgangurinn – Teigasel



Vinir eru brú út í stærri heim

Vináttuverkefni Barnaheilla – gegn einelti barna

Vináttuverkefnið hefur ákveðin gildi sem unnið er með í samskiptum barna – ekki bara innan leikskólans heldur ættu foreldrar einnig að hafa þau með sér, því þau eru mikilvægar fyrirmyndir.



Umburðarlyndi - að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu

Sumir halda að rætur eineltis geti ekki verið að finna í leikskóla, en þar skapast grunnurinn að samskiptum í barnahópum. Og það er einmitt í leikskóla sem þarf að grípa inn í og kenna börnum góð samskipti. Að þau séu meðvituð um hvernig þau eru í samskiptum hvert við annað og skynji hvernig hinum líði. Umburðarlyndið gagnvart margbreytileikanum er líka svo mikilvægt. Við erum öll ólík og við eigum að fagna því, ekki að sækjast eftir að allir séu eins og að eitthvað sé æskilegt og annað ekki.

Hinir fullorðnu er mikilvægar fyrirmyndir barnanna – þau horfa, sjá, heyra og læra af öðrum.

Vinur er fjársjóður – þann fjársjóð ættu allir að eiga